

## 29. Orð sem særa

Spýtur og steinar geta brotið bein, en orð geta líka meitt mig



<b>Málefni</b>	Mismunun, kynjafnrétti, ofbeldi
<b>Þyngdarstig</b>	Stig 2
<b>Aldur</b>	10–13 ára
<b>Tími</b>	60 mínútur
<b>Hópstærð</b>	5–20 börn
<b>Tegund verkefnis</b>	Listi búinn til, forgangsröðun og umræður
<b>Yfirlit</b>	Börnin nefna dæmi um særandi orðalag og átta sig á orsökum þess og afleiðingum
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að gera sér grein fyrir orsökum og afleiðingum særandi orða</li> <li>• Að átta sig á að fólk getur brugðist við orðalagi á mismunandi hátt</li> <li>• Að átta sig á að það eru takmörk fyrir tjáningarfrelsi</li> <li>• Að fá æfingu í að andmæla særandi athugasemdum</li> </ul>
<b>Undirbúningur</b>	Ljósritaðu 13. grein Barnasáttmálans eða skrifaðu hana upp á töflu eða á flettisþjald
<b>Efniviður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gulir límmiðar (Post-its) eða pappírsmiðar og límband eða „kennaratyggi“</li> <li>• Veggspjald og merkipenni eða tafla og krít</li> <li>• Ljósrit af 13. grein Barnasáttmálans</li> </ul>

### Leiðbeiningar

- Skrifaðu og/eða lestu 13. grein Barnasáttmálans upphátt. Taktu fram að þessi grein sáttmálans veiti börnum rétt til að láta í ljós skoðanir sínar, en þau megi þó ekki segja neitt sem brýtur gegn rétti annarra eða kastar rýrð á mannorð þeirra. Fjallaðu um tjáningarfrelsið með spurningum á borð við eftirfarandi:
  - Ættum við alltaf að geta sagt hvað sem er?
  - Ættu að vera takmörk fyrir því sem við getum sagt um hugsanir okkar og skoðanir?
  - Hvers konar orðbragð myndi brjóta gegn réttindum annarra?
  - Hvers konar orðbragð myndi vega að mannorði annarra?
- Segðu börnunum að það séu svona spurningar sem leitað verði svara við í þessu verkefni.
- Láttu öll börnin fá pappírsmiða og segðu þeim að skrifa hjá sér særandi athugasemdir sem þau heyra fólk segja um börn, eða uppnefni sem börn hrópa hvert á annað, eitt atriði á hvern miða.
- Settu upp töflu á vegginn með mælikvarða, eins og sjá má hér fyrir neðan, sem sýnir allt frá „Stríðnislegt / Gamansamt“ til „Mjög særandi / Niðurlægjandi“. Segðu börnunum að setja orðin sín þar sem þau telja að þau eigi heima á þessum mælikvarða. Segðu þeim að vinna þennan hluta verkefnisins í hljóði.

Stríðnislegt / Gamansamt / Ekki særandi	Svolítið særandi / Niðurlægjandi	Frekar særandi / Niðurlægjandi	Mjög særandi / Niðurlægjandi	Ákaflega særandi / Niðurlægjandi



5. Segðu þeim svo öllum að virða vegginn fyrir sér í ró og næði. Yfirleitt koma sömu orðin nokkru sinni fyrir og eru næstum alltaf talin misalvarleg.

### Samantekt og mat

- Þegar börnin eru sest niður á ný skaltu spyrja þau hverju þau veittu athygli og stýra umræðunni með spurningum á borð við:
  - Komu sum orð fyrir í fleiri en einum dálki?
  - Hvers vegna haldið þið að sumum finnist eitthvert orð ekki særandi en öðrum finnist það bæði særandi og niðurlægjandi?
  - Skiptir máli hvernig orðið er sagt? Eða hver segir það?
  - Hvers vegna notar fólk svona orð?
  - Felst ákveðið ofbeldi í því að særa aðra með orðum? Hvers vegna?
- Spyrðu börnin hvort þeim finnst þessi orð skiptast í einhverja flokka eða sýna eitthvert mynstur. Þegar börnin fara að tilgreina og geta um slíka flokka (nefna t.d. eitthvað um útlit og hæfni, andlega eiginleika, kynhneigð, fjölskyldu eða þjóðernisbakgrunn) skaltu skrifa þessa flokka á töfluna. Stýrðu umfjöllun barnanna með spurningum eins og þessum:
  - Eru sum orð bara ætluð stelpum? Strákum?
  - Hvers vegna haldið þið að særandi orðalag snúist um þessi mál?
  - Um hvaða málaflokka virðast þau orð snúast sem ykkur finnst særa mest?
  - Hvaða niðurstöðum komist þið að um særandi orðalag út frá þessum flokkum?
- Segðu börnunum að taka miðana sína af fyrra spjaldinu og setja þá undir þann málaflokk sem þeir tilheyra helst. Hægt er að vera með einn flokk undir „önnur mál“. Þegar börnin eru aftur búin að fá sér sæti skaltu leggja fyrir þau spurningar á borð við:
  - Í hvaða flokkum virðast flestir miðarnir vera? Hvaða skýringar hafið þið á því?
  - Virðast orðin sem talin eru særa mest falla helst í tiltekna flokka?
  - Ekki svara þessari spurningu upphátt, heldur veltið svarinu einungis fyrir ykkur: Falla orðin sem þið sjálf notið í tiltekinn flokk?
  - Skiptu börnunum í litla hóp og láttu hvern hóp fá nokkra miða með orðunum sem talin eru særa mest. Fáðu síðan einhvern í hverjum hópi til að lesa upp fyrsta orðið eða setninguna. Hópurinn þarf að vera sammála um að um sé að ræða særandi athugasemd og fjalla um 1) hvort leyfa skuli fólk að segja svona hluti, og 2) hvað gera skuli þegar það á sér stað. Endurtaka skal þetta ferli eftir hvert orð eða setningu.
- Segðu þeim síðan að gera grein fyrir niðurstöðum sínum í 3. lið. Bentu þeim á að særandi orð varði mannréttindi með spurningum á borð við:
  - Ber fullorðnu fólk að koma í veg fyrir að særandi orð séu notuð? Ef svo er, hvers vegna?
  - Ber börnum að koma í veg fyrir slíkt sín á milli? Ef svo er, hvers vegna?
  - Hvað getið þið gert til að koma í veg fyrir særandi orðalag í ykkar hópi?
  - Hvers vegna er mikilvægt að gera það?
  - Á hvern hátt brjóta særandi orð gegn mannréttindum þess sem fyrir þeim verður?

### Tillögur um framhald

- Haltu áfram umræðum um hvað börn geti gert til að koma í veg fyrir særandi orðbragð. Láttu börnin leika aðstæður þar sem þau uppnefna hvert annað og æfa sig saman í að bregðast við slíku.



- Í verkefninu „Áhorfandi eða hjálparhella“, bls. 60, eru börnin fengin til að hugleiða hvernig þau geti sjálf skorist í leikinn þegar einhver kemur illa fram.

### Hugmyndir um aðgerðir

- Notaðu þetta verkefni til að ræða um hvernig orðbragð börn nota sín á milli. Eru allir í hópnum sam-mála um að sum orð skuli ekki nota?
- Hafi hópurinn þegar sett sér reglur kemur til greina að bæta við einni setningu varðandi orðbragð.

### Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Kennarinn þarf að sýna næma dómgreind í þessu verkefni. Þó að börnin hafi kunnað „ljót orð“ frá unga aldri tala þau sjaldan um það við fullorðna. Í 2.–4. lið má reikna með vandræðagangi og tauga-veiklunarhlátri hjá þeim. Þú þarft ef til vill að fullvissa þau um að í þessu samhengi sé þeim óhætt að segja þessi orð svo allir heyri. Þið séuð ekki að „nota“ þau heldur einungis ræða um þau.
- Góð hugmynd er að segja orðin ekki upphátt heldur hafa þau aðeins skrifuð á blað, nema í saman-tektnni í 3. liðnum þegar börnin eru að velta fyrir sér hvort þessi orð séu ásættanleg eða ekki.
- Helsti lærdómurinn sem draga má af þessu verkefni er að sama orðið getur vakið ólíkar tilfinningar, þ.e. að einu barni kann ef til vill að finnast eitthvert orð fyndið sem öðru barni finnst mjög særandi. Gættu þess að ekki sé gert lítið úr tilfinningum viðkvæms barns í umræðunum þótt hinum finn-ist eitthvert orð sem því finnst særandi vera meinlaust. Hægt væri að nota meiri tíma í að skoða þá þætti sem gera suma viðkvæma fyrir tilteknum orðum.
- Ekki er ráðlegt að vinna þetta verkefni ef aldursbil á börnum í hópnum er breitt. Sum barnanna munu ekki skilja merkingu einhverra þessara orða, einkum þeirra sem tengjast kynhneigð. Ekki er víst að yngstu börnin skilji að sum orð eiga við um kynhegðun. Vandaðu til við að laga þetta verk-efni að hópnum.
- Samantektin er meginatriðið í þessu verkefni. Gefðu börnunum góðan tíma til að flokka hlutina á sinn hátt og draga eigin ályktanir, að öðrum kosti verða tengslin við mannréttindi léttvæg fundin.

### Breytingar

- Auðvelt er að breyta þessu verkefni þannig að það henti yngstu börnunum (t.d. 8–10 ára gömlum eða jafnvel yngri) með því að sleppa fyrsta lið leiðbeininganna og nota aðeins fyrsta spurningaliðinn í samantektinni. Ræddu að lokum við börnin um það hvernig forðast megi að nota orð sem særa aðra.
- Vegna yngri barnanna: Fyrsti liður samantektarinnar kann að nægja þeim. Láttu þau síðan leika hvernig bregðast skuli við ljótu orðbragði.
- Vegna eldri barnanna: Hægt er að vinna verkefnið á fleiri en einum degi. Þá má nota fyrsta daginn í 1. og 2. lið samantektarinnar og fara síðan í 3. og 4. liðinn daginn eftir, þannig að börnin fái svigrúm til að melta hlutina og átti sig betur á því sem er að gerast í kringum þau.

